

VERKLAGSREGLUR SAFNARÁÐS 2003-2005

**Samþykktar á fundi safnaráðs 30. janúar 2003.
Framlengdar tímabundið á fundi Safnaráðs 16. febrúar 2006.**

HLUTVERK

Safnaráð er samráðsvettvangur um starfsemi lista- og minjasafna og hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr. safnalaga nr. 106/2001. Hlutverk safnaráðs er:

- að meta starfsemi safna
- að halda skrá yfir söfn á landinu
- að stjórna safnasjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins
- að hafa eftirlit með söfnum og þeim framkvæmdum sem ráðið styrkir
- að gefa álit um safnamál
- að veita ráðgjöf og fræðslu um safnamál

STEFNA

Safnaráð hefur sett sér eftirfarandi markmið til næstu fimm ára, 2003-2008:

- Að stuðla að samstarfi safna.
- Að stuðla að samspili minja- og listasafna í safnastarfi.
- Að tala fyrir frekari eflingu safnasjóðs.
- Að stefna að því að hækka rekstrarstyrki til viðurkenndra safna.
- Að stuðla að bættri starfsaðstöðu safna til varðveislu, rannsókna og miðlunar.
- Að vinna að stefnumótun á sviði safnamála.
- Að efla tengsl höfuðsafna við söfn á viðkomandi fagsviði.
- Að auka fagmennsku safnanna á öllum verksviðum þeirra.
- Að auka samvinnu og samstarf safnamanna, milli safna og við aðrar menningarstofnanir hérlendis og erlendis.
- Að fjölga safngestum og efla þátttöku safnanna í ferðaþjónustu.
- Að auka rekstrarfé safnanna með öllum tiltækum ráðum, bæði með öflun nýrra tekna og hagræðingu í rekstri þar sem því verður við komið.
- Að efla menntun safnafólks og leiðir til menntunar.
- Að efla fræðsluhlutverk safna.
- Að efla tengsl safnastarfs og ferðaþjónustu.
- Að efla rannsóknir á sviði safnastarfs.
- Að efla skráningarstarf.

STARFSREGLUR

- Safnaráð heldur að meðaltali einn fund á mánuði þar sem það fjallar um og afgreiðir mál á starfsvettvangi sínum.
- Vegna ákvæða laga um skyldu safnaráðs að kunngera afstöðu sína til tiltekinna mála innan fjögurra vikna getur verið nauðsynlegt að halda aukafundi.
- Í desember ár hvert heldur safnaráð fund þar sem fjallað er um styrkveitingar komandi árs.
- Starfsmaður aflar nauðsynlegra gagna og undirbýr fundi safnaráðs.
- Starfsmaður flokkar umsóknir og gerir tillögur í samráði við formann að styrkveitingum.
- Starfsmaður gerir tillögu að fjárhagsáætlun ársins sem nefndin fjallar um og afgreiðir áður en styrkveitingar eru ákveðnar.
- Safnaráði ber að gæta þagnarskyldu um þau mál sem ekki hafa verið afgreidd.
- Ráðsmönnum er óheimilt að veita vilyrði fyrir styrkjum úr safnasjóði.
- Formaður kemur fram fyrir hönd safnaráðs út á við og gagnvart menntamálaráðherra.
- Safnaráð varðveitir fundargerðir sínar sbr. lög þar að lútandi.

ÁHERSLUR VIÐ STYRKVEITINGAR

- Að beina styrkveitingum úr safnasjóði að verkefnum á sviði minja- og listasafna í safnastarfi.
- Að beina styrkveitingum að verkefnum á sviði safnamála sem gagnast mega söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, fræðslu- og miðlunarhlutverki safna.
- Að beina styrkveitingum í verkefni sem stuðla að auknu samstarfi og fagmennsku í safnastarfi.
- Meðan framlög til safnasjóðs eru takmörkuð gengur veiting rekstrarstyrkja fyrir. Við úthlutun úr safnasjóði tekur safnaráð tillit til fjárhagslegrar stöðu safns og tekjumöguleika almennt.
- Miða skal við að söfn séu tekin út reglulega og þau fái vottun um að þau uppfylli ákveðin skilyrði og séu hæf til að hljóta rekstrarstyrk til nokkurra ára í senn.

Samþykkt á fundi safnaráðs 30. janúar 2003.

Margrét Hallgrímsdóttir
Gísli Sverrir Sigurðsson
Ólafur Kvaran
Jón Gunnar Óttóson